

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/432****2021/EES/7/26****frá 23. mars 2020****um breytingu á tilskipun ráðsins 2002/55/EB að því er varðar skilgreiningu á grænmeti og skrána yfir ættkvíslir og tegundir í b-lið 1. mgr. 2. gr. (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 2. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/990 ⁽²⁾, sem breytti b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/55/EB, var skilgreiningin á „grænmeti“ á undan töflunni í þeirri grein ranglega felld brott. Því inniheldur b-liður 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/55/EB ekki lengur skilgreiningu á „grænmeti“, sem er nauðsynlegur hluti þeirrar tilskipunar.
- 2) Því ætti að leiðrétta tilskipun 2002/55/EB til samræmis við það.
- 3) Í þágu réttarvissu ætti lögleiðingardagurinn, sem settur er fram í þessari tilskipun, að vera sá sami og lögleiðingardagurinn sem er settur fram í framkvæmdartilskipun (ESB) 2019/990.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.***Breyting á tilskipun 2002/55/EB**

Tilskipun 2002/55/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

*2. gr.***Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2020. Þau skulu þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæðin úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 88, 24.3.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 185/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

⁽²⁾ Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/990 frá 17. júní 2019 um breytingu á skránni yfir ættkvíslir og tegundir í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í II. viðauka við tilskipun ráðsins 2008/72/EB og í viðaukanum við tilskipun ráðsins 93/61/EBE (Stjttíð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 14).

3. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað b-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/55/EB kemur eftirfarandi:

„b) „grænmeti“: plöntur eftirtalinnar tegunda, ætlaðar til ræktunar í landbúnaði eða garðyrkju, þó ekki til skrauts:

„*Allium cepa* L.

- Ceba-hópur (laukur, bananaskalottlaukur)
- Aggregatum-hópur (skalottlaukur)

Allium fistulosum L. (pípulaukur)

- öll yrki

Allium porrum L. (blaðlaukur)

- öll yrki

Allium sativum L. (hvítlaukur)

- öll yrki

Allium schoenoprasum L. (graslaukur)

- öll yrki

Anthriscus cerefolium (L.) Hoffm. (Garðakerfill)

- öll yrki

Apium graveolens L.

- Selleríhópur
- Hnúðsilluhópur

Asparagus officinalis L. (sperglar)

- öll yrki

Beta vulgaris L.

- Rauðrófuhópur (rauðrófur, þ.m.t. Cheltenham-rófur)
- Blaðbeðjuhópur (blaðbeðjur)

Brassica oleracea L.

- Grænkálshópur
- Blómkálshópur
- Höfuðkálshópur (rauðkál og hvítkál)
- Rósakálshópur
- Hnúðkálshópur
- Blöðrukálshópur
- Spergilkálshópur (sprotakál)
- Pálmakálshópur
- Tronchuda-hópur (portúgalskt hvítkál)

Brassica rapa L.

- Kínakálshópur
- Næpugrænmetishópur

Capsicum annuum L. (eldpipar eða paprikur)

— öll yrki

Cichorium endivia L. (salatfífill)

— öll yrki

Cichorium intybus L.

— Jólasalatshópur

— Kaffifífillshópur (stórblaða kaffifífill eða ítalskur kaffifífill)

— Kaffifíllsrótarhópur

Citrullus lanatus (Thunb.) Matsum. et Nakai (vatnsmelónur)

— öll yrki

Cucumis melo L. (melónur)

— öll yrki

Cucumis sativus L.

— Gúrkuhópur

— Smágúrkuhópur

Cucurbita maxima Duchesne (tröllagrasker)

— öll yrki

Cucurbita pepo L. (grasker, þ.m.t. þroskuð rísagrasker og pattypan-grasker eða dvergbítar, þ.m.t. óþroskuð pattypan-grasker)

— öll yrki

Cynara cardunculus L.

— Ætíþistlahópur

— Salatþistlahópur

Daucus carota L. (gulrætur og fódurgulrætur)

— öll yrki

Foeniculum vulgare Mill. (Fenníka)

— Azoricum-hópur

Lactuca sativa L. (salat)

— öll yrki

Solanum lycopersicum L. (tómatar)

— öll yrki

Petroselinum crispum (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill)

— Steinseljublaðahópur

— Steinseljurótarhópur

Phaseolus coccineus L. (glæsibaunir)

— öll yrki

Phaseolus vulgaris L.

- Buskabaunahópur
- Stangarbaunahópur

Pisum sativum L.

- Hýðisertuhópur
- Mergertuhópur
- Sykurertuhópur

Raphanus sativus L.

- Radísuhópur
- Vetrarhreðkuhópur

Rheum rhabarbarum L. (rabarbari)

- öll yrki

Scorzonera hispanica L. (svartrætur)

- öll yrki

Solanum melongena L. (eggaldin)

- öll yrki

Spinacia oleracea L. (spínat)

- öll yrki

Valerianella locusta (L.) Laterr. (Vorsalat eða lambasalat)

- öll yrki

Vicia faba L. (breiðbaunir)

- öll yrki

Zea mays L.

- Sykurmaíshópur
- Poppmaíshópur

Öll yrki þeirra tegunda og hópa sem talin eru upp hér að framan.“
